



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefnadasvid@althingi.is

27. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, 188. mál

Samtök iðnaðarins (SI), hér eftir samtökin eða SI, hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp um Vísinda- og nýsköpunarráð. SI skilaði einnig umsögn ásamt Samtökum atvinnulífsins (SA) þegar frumvarpið var í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 6. september 2022, og þar áður um drög að frumvarpinu, í mars og apríl 2021, sem byggði á skýrslu forsætisráðuneytisins *Breytt lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, tillaga verkefnahóps* sem kom út í ágústmánuði 2020. Í þeim umsögnum var tekið undir öll helstu atriði sem lutu að greiningu og niðurstöðu verkefnahópsins.

Helsta athugasemd SI nú og áður snýr að svokallaðri tilnefningarnefnd. Sú breyting var gerð á frumvarpinu við vinnslu þess að nú er gert ráð fyrir tilnefningu *samtaka fyrirtækja í atvinnurekstri* í tilnefningarnefnd ráðsins í stað samtaka fyrirtækja í iðnaði áður. Samtökin ítreka athugasemdir sínar við þetta orðalag og leggja áherslu á það sem fram kom í fyrrnefndum umsögnum; að SA tilnefni fulltrúa í tilnefningarnefndina í nánú samráði við SI.

Tengsl nýsköpunar og iðnaðar eru sérstaklega mikil og hafa ber í huga að fjárfesting í rannsóknum og þróun, sem leiðir af sér nýsköpun, á sér sérstaklega stað hjá fyrirtækjum í iðnaði. Þá er mikill meirihluti útgjalda til rannsókna og þróunar á vegum fyrirtækja og minnihluti á vegum opinberra stofnana og háskóla. Mikilvægt er að Vísinda- og nýsköpunarráð sé skipað öflugum fulltrúum atvinnulífsins og iðnaðar sem hafa þekkingu og reynslu á sviði nýsköpunar og yfirsýn yfir alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði. Þó vísindi og nýsköpun eigi helst við í iðnaði þá nýtast lausnir í öllum atvinnugreinum og því verður leitast við að fulltrúi atvinnulífsins hafi góða yfirsýn yfir þarfar í ólíkum atvinnugreinum. Þessar athugasemdir eru því ítrekaðar hér þar sem ekki hefur verið brugðist við þeim.

Virðingarfyllst,

Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI